

Viðhorfakönnun

Meðal leiðbeinenda/kennara í framhaldsfræðslu hjá Fræðslunetinu

Gæðaráð Fræðslunetsins 2025:

Eyjólfur Sturlaugsson

Lilja Össurardóttir

Steinunn Kolbeinsdóttir/Björk Guðnadóttir

Inngangur

Gæðaráð Fræðslunetsins hefur umsjón með gæðamálum stofnunarinnar. Um er að ræða vinnu við innra mat og umsýslu í kringum ytra mat, þ.e. EQM+ gæðakerfið. Gæðaráð vinnur samkvæmt verkáætlun sem sett er til nokkurra ára í senn.

Eitt af verkefnum Gæðaráðs er að kanna hvernig kennarar (hér eftir kallaðir leiðbeinendur) í framhaldsfræðslunni upplifa kennsluaðstæður sínar og þjónustu Fræðslunetsins. Í ársbyrjun 2025 var komið að slíkri könnun.

Gæðaráð birtir niðurstöður úr könnunum reglulega á vefsvæði sínu www.fraedslunet.is.

Í gæðaráði störfuðu við gerð þessarar könnunar:

Steinunn Kolbeinsdóttir og síðar Björk Guðnadóttir

Eyjólfur Sturlaugsson

Lilja Össurardóttir

Framkvæmd

Gæðaráð ákvað að nota sömu viðhorfakönnun og var viðhöfð árið 2022. Með því mætti fá dýrmætan samburð um þróun mála. Eftir að hafa lesið könnunina vel yfir var ákveðið að breyta þar engu.




Könnunin var lögð fyrir alla leiðbeinendur sem kenndu á vottuðum námsbrautum, kenndu íslensku fyrir útlendinga, kenndu fötluðu fólki og voru með kennslu í virkniúrræðum.

Framlagning fór þannig fram að gæðaráð sendi á þá leiðbeinendur, sem í úrtaki voru, tölvupóst með hlekk á könnunina. Að tveimur vikum liðnum sendi hann ítrekun með sama hætti. Alls fengu um 60 manns boð um að taka þátt og 40 svöruðu, sem er um 67% svörun.


Í úrvinnslu voru niðurstöður úr könnun frá 2022 færðar inn í töflu og gert myndrit í kjölfarið sem sýnir glögg niðurstöður úr báðum könnunum og samanburðinn á milli þeirra.

Í lok skýrslunnar er samantekt á því helsta sem úr könnuninni kom.


Niðurstöður




Gæði hljóðs úr Teams/tölvum









Gæði skjávarpa









Húsgögn














Hversu miklar kröfur eru gerðar til þín sem fagmanns í kennslu ?




Hversu ánægð/ur ert þú með verktakalaun þín hjá Fræðslunetinu?




Hversu ánægð/ur ert þú með að vinna hjá Fræðslunetinu?




Hversu lengi hefur þú kennt hjá Fræðslunetinu?




Á hvaða aldri ert þú?



Hefur þú kennsluréttindi ?





Hefur þú einhverja skoðun á því hvernig Fræðslunetið eigi að haga útskrift nemenda þinna ?

FA námsbrautir

Íslenskunámskeið

- Með hátíðarbrag.
- Með afhendingu hefðbundinna viðurkenningarskjala
- Formleg útskrift væri ánægjuleg þegar hægt er að koma því við.
- Ljómandi eins og það er en það væri gaman að hafa góðgæti.

Nám fyrir fatlað fólk

- Með skriflegri viðurkenningu
- Fínt eins og er
- Mjög jákvætt.

Virkninámskeið

- Mjög jákvætt.

Hvað veitir þér mesta ánægju í starfi hjá Fræðslunetinu?

- Að hitta skemmtilegt fólk og njóta gefandi samskipta. Aukið sjálfstraust nemenda minna.
- Gott andrúmsloft og skipulag, frábært fólk, frábærir þátttakendur
- Hvað nemendur eru áhugasamir.
- góður andi, fæ að ráða kennslutíma mínum, fin laun
- samskipti við nemendur.
- Nemendurnir
- Að miðla þekkingu
- Starf mitt að miðla fræðslu
- Skemmtilegt fólk
- Að umgangast nemendur úr ólíkum menningarheimum og fylgjast með framförum þeirra í íslensku
- Vinna með fólki.
- Allt umhverfið mjög gott og allir til í að veita hjálparhönd
- Nemendurnir!
- Fjölbreytileiki nemenda og frelsi við framsetningu efnis.
- Nemendur
- Samskipti við nemendur
- Samskipti við skjólstæðinga
- Að kenna það sem mér finnst skemmtilegt
- Áhugi nemenda og að fylgjast með hvernig þeir auka sjálfstraust sitt þegar líður á námið.
- Að sjá nemendur ná tökum á námsefninu og koma aftur á næsta námskeið. Einnig er mjög ánægjulegt að sjá tengslin sem myndast milli nemenda félagslega.
- Deila þekkingu, mannleg samskipti. Auka hæfni fólks sem veitir þeim gleði og aukin lífsgæði.

Hvað veldur þér mesta álagi í starfi hjá Fræðslunetinu?

- Kemur ekkert í hug.
- Ekkert sérstakt.
- skipulag kennslunnar og að búa til verkefni.
- Hraði kennslunnar ef nemendur eru ekki nægilega vel undirbúnir í upphafi. Annars er hraðinn góður
- Að standa mig vel og nemendum líki við mig og kennsluefnið
- Tæknin
- Vinnutímaálag í námslotum, kys það samt fram yfir að vera sjaldnar og á lengri tíma.
- Ekkert, bara tilhlökkun og ánægja
- Mismunandi námsgeta einstaklinga
- Krefjandi nemendur
- Mikil breidd í kunnáttu nemendahópsins
- réttlæta fyrir sjálfum mér að taka að mér kennslu á þessum texta.
- Búa til kennsluefni, námsmat
- Ekkert sérstakt.
- Get ekki talað um sérstakt álagsefni, ég hef mjög gaman af vinnunni minni að öllu jöfnu.
- Að vera m/ mismunandi getustig í hópum, stundum.

Er eitthvað annað sem þú villt segja okkur í Fræðslunetinu?

- Þið standið ykkur mjög vel.
- Þið standið ykkur vel,
- Frábær staður að vinna á, allt viðmót notalegt og nærandi.
- Flottur vinnustaður
- Uppfæra námsefni - bókin í íslensku f útlendinga er úrelt.
- Þið eruð frábær
- Góður starfsandi og maður finnur hjá öðru starfsfólki að maður er velkominn
- Launin mættu vera talsvert hærri. Kennarar eru að berjast fyrir jöfnun launa, það væri tilvalið fyrir Fræðslunetið að leggja þá línu.
- Frábær vinnustaður
- Gaman að vera þátttakandi í starfi Fræðslunetsins
- Góður vinnustaður og alltaf tilhlökkun að koma og kenna.
- Uppfærsla námsefnis í Íslensku væri mjög jákvæður punktur.
- Mjög góð samskipti. Þið kunnið ykkar fag.
- Mér finnst að það megi hækka launin.

Samantekt

Á heildina litið eru niðurstöður úr þessari viðhorfakönnun meðal leiðbeinenda Fræðslunetsins jákvæðar. Ekki er að sjá neitt tilefni til að bregðast við niðurstöðum með úrbótaáætlun á einhverju sviði. Engu að síður má lesa eitt og annað fróðlegt út úr niðurstöðum og þá ekki síst hvað varðar samanburð milli ára.

Upplifun á kennsluaðstæðum

- Hvað varðar þættina; gæði netsambands, hugbúnað í kennslu, gæði skjávarpa og hreinlæti er ljóst að aukin ánægja er með þessa þætti. Hvergi er aukningin veruleg en þó vel greinaleg.
- Hvað varðar þættina; gæði hljóðs úr Teams og gæði lýsingar er ljóst að minnkandi ánægja er með þessa þætti. Ekki er um miklar sveiflur að ræða.

Ef allir þættirnir sem varða upplifun á kennsluaðstæðum eru teknir saman fyrir bæði árin er samanlögð prósentutala eftir svarmöguleikum þessi:

Svarmöguleiki	2022	2025	Mismunur
1 versti kostur	45	10	64% færri velja versta kostinn
2	45	69	21% fleiri velja næstversta kostinn
3 miðju kostur	92	154	25% fleiri velja miðjukostinn
4	272	274	Sama hlutfall velur næstbesta kostinn
5 besti kosturinn	389	420	4% fleiri velja besta kostinn.

Þessi samantekt sýnir að svörun í það heila fyrir þessa þætti er betri 2025 en 2022.

Skipulag og samskipti

- Hvað varðar þættina; þjónusta annars starfsfólks, skipulag náms og samskipti við annað starfsfólk er greinaleg aukin ánægja milli ára með þessa þætti.
- Ekki er hægt að finna merkjanlegan mun á öðrum þáttum er varða skipulag og samskipti og kemur flokkurinn í heild sinni vel út.

Ef allir þættirnir sem varða upplifun á kennsluaðstæðum eru teknir saman fyrir bæði árin er samanlögð prósentutala eftir svarmöguleikum þessi:

Svarmöguleiki	2022	2025	Mismunur
1 versti kostur	19	0	100% færri velja versta kostinn
2	12	3	60% færri velja næstversta kostinn
3 miðju kostur	24	10	41% færri velja miðjukostinn
4	111	189	26% fleiri velja næst besta kostinn
5 besti kosturinn	464	466	Sama hlutfall velur besta kostinn

Þessi samantekt sýnir að svörun í það heila fyrir þessa þætti er betri 2025 en 2022.

Aðrir þættir

- Sá þáttur sem kemur hvað mest afgerandi út á milli ára og þá með neikvæðri svörun er ánægja með laun. Greinilega má merkja að ánægja minnkar verulega. Árið 2022 voru 9% sem merktu í versta eða næstversta kostinn en árið 2025 voru það 31% svarenda.
- Starfsánægja mælist há, en greina má nokkra lækkun á milli ára. Árið 2022 merktu 97% við tvo bestu kostina en árið 2025 merktu 86% við þá þætti.

Bakgrunnsupplýsingar

- Kennslureynsla leiðbeinenda hjá Fræðslunetinu hefur hækkað milli samanburðarára. Þeir hafa m.ö.o. fleiri ár að baki sem leiðbeinendur hjá Fræðslunetinu.
- Meðalaldur leiðbeinenda er að hækka. Talsvert fleiri leiðbeinendur eru nú komnir yfir 60 ára aldurinn eða 31% 2025 á móti 19% árið 2022.
- Fleiri leiðbeinendur eru nú með kennsluréttindi eða 83% á móti 66% árið 2022.
- Menntunarstig leiðbeinenda er svipað milli ára.